



Fundargerð

421. fundur sveitarstjórnar Reykhólahrepps,
Þriðjudaginn 9. maí 2018 kl. 16.30.

Fundarstaður: Stjórnsýsluhúsið Maríutröð 5a, Reykhólum.

Mætt: Vilberg Þráinsson oddviti (VP), Karl Kristjánsson (KK) varaoddviti, Áslaug Berta Guttormsdóttir (ÁBG), Jóhanna Ösp Einarsdóttir (JÖE) og Sandra Rún Björnsdóttir (SRB). Einnig sat fundinn Ingibjörg Birna Erlingsdóttir (IBE) sveitarstjóri og ritaði fundargerð.

Fundargerð rituð í tölvu og er 4 blaðsíður.

Oddviti bauð fólk velkomið og spurði eftir öðrum málum á dagskrá, eitt mál barst, var samþykkt að taka það til afgreiðslu undir liðnum önnur mál, þá gengið til dagskrár.

Oddviti fór yfir breytingar sem hafa átt sér stað í sveitarstjórn, Ágúst Már Gröndal hefur misst kjörgengi sitt í sveitarstjórn með flutningi lögheimilis síns úr sveitarfélaginu. Jóhanna Ösp Einarsdóttir situr því fundinn sem aðalmaður.

Oddviti þakkar Ágústi Má, fyrir hönd sveitarfélagsins, samstarfið á liðnu kjörtímabili.

Dagskrá:

Fundargerðir

1. Mennta- og menningarmálanefnd 26. apríl 2018.

Farið yfir fundargerðina og hún samþykkt samhljóða.

2. Stýrihópur um skólastefnu 6. apríl 2018

2.1 Skólastefna Reykhólahrepps.

Farið yfir fundargerðina og hún samþykkt samhljóða.

3. Öldungaráð 25. apríl 2018.

Farið yfir fundargerðina.

Mál til afgreiðslu

1. 1805002 - Sveitarstjórnarkosningar 26. maí 2018.

1.1 Kjölfundur.

Sveitarstjórn samþykkir að kjölfundur vegna sveitarstjórnarkosninga 26. maí 2018 verði haldinn í stjórnsýsluhúsinu að Maríutröð 5 a. Kjölfundur standi frá kl. 9 - 18. Samþykkt samhljóða.

1.2 Kjörskrá.

Kjörskrá hefur ekki borist, þessum lið því frestað. Samþykkt samhljóða.

2. 1805001 - Tuttugu ára afmæli hróksins, styrkbeiðni.

Erindi frá Hróknum dagsett 12. apríl 2018.

Sveitarstjórn samþykkir að styðja Hrókinn um kr. 25.000 í tilefni afmælisins. Samþykkt samhljóða.

3. 1805003 - Vefur sveitarfélagsins.

Tilboð í gerð nýrrar vefsíðu fyrir sveitarfélagið frá Jökulá ehf. dagsett 10. apríl 2018.

Sveitarstjórn telur tímabært að hugað verði að uppfærslu Reykhólavefsins. Sveitarstjórn vísar málefnið til nýrrar sveitarstjórnar sem tekur við eftir kosningar. Samþykkt samhljóða.

4. 1801006 - Mál frá nefndarsviði Alþingis.

4.1 Frumvarp til laga um mat á umhverfisáhrifum (EES-reglur, stjórnvaldssektir o.fl.). 467. mál.

4.2 Þingsályktun um stefnumarkandi landsáætlun um uppbyggingu innviða til verndar náttúru og menningarsögulegum minjum 2018 - 2029, 479. mál

4.3 Þingsályktun um stefnumótandi byggðáætlun 2018- 2024, 480. mál.

Sveitarstjórn veitir ekki umsögn. Samþykkt samhljóða.

5. 1805008 - Áfangastaða- og aðgerðaráætlun Vestfjarða.

Erindi frá verkefnastjórum DMP verkefni Vestfjarðarstofu, dagsett 4. maí 2018.

Sveitarstjórn samþykkir framlagða áfangastaða- og aðgerðaráætlun Vestfjarða. Samþykkt samhljóða.

6. 1610005 - Verndarsvæði í byggð - Flatey, tillaga að verndaráætlun.

Sveitarstjórn samþykkir að auglýsa til kynningar og umsagnar tillögu um verndaráætlun með verndarstefnu ásamt greinargerð. Umsagnarfrestur verði gefinn til 1. ágúst.

Að athugasemdafresti loknum verður unnið úr ábendingum við kynningartillögu og gengið frá tillögu til formlegrar auglýsingar og í samræmi við lög um verndarsvæði í byggð. Gefinn verður 6 vikna athugasemdafrestur. Að honum loknum verður unnið úr athugasemdum við auglýsta tillögu og gengið frá tillögu ásamt greinargerð til ráðherra. Samþykkt samhljóða.

7. 1803007 - Brunavarnaáætlun Dalabyggðar, Strandabyggðar og Reykhólahrepps, fyrstu drög og erindi frá sveitarstjóra Dalabyggðar dagsett 7. maí 2018.

Sveitarstjórn fagnar fyrstu drögum að sameiginlegri brunavarnaáætlun fyrir sveitarfélögin þrjú. Sveitarstjórn tekur undir þau atriði sem koma fram í meðfylgjandi erindi sveitarstjóra Dalabyggðar varðandi tilhögun. Samþykkt samhljóða.

8. 1710055 - Breyting á aðalskipulagi Reykhólahrepps 2006 - 2018, vegna Vestfjarðarvegar 60, fjármögnun óháðrar rýni.

Fram er lögð tillaga um aukafjárveitingu á fjárhagsáætlun 2018 til verkefnisins kr. 1,2 millj. Tillagan samþykkt með þremur atkvæðum gegn tveimur SRB og JÖE.

JÖE lét bóka eftirfarandi.

Ég harma að þessi óháða úttekt komi eftir hið opinbera ferli á aðalskipulagsbreytingu. Forsvarsmönnum úttektarinnar átti að vera ljóst mun fyrr í ferlinu að gögn framkvæmdaraðila væru ófullnægjandi og fara af stað með óháð mat um leið og það lá fyrir. Hafi einkaaðili áhuga á að láta gera óháð mat, er þeim það heimilt. Einnig er sveitarfélaginu heimilt og jafnvel skylt að láta gera slíkt mat en að fara í slíka framkvæmd með einkaaðila, getur skapað tortryggni. Á þeim forsendum get ég ekki samþykkt.

9. 1607016 - Ljósleiðari um Reykhólahrepp, ljósleiðara í Gufudalssveit.

Erindi frá íbúum í Gufudalssveit dagsett 7. maí 2018, er varðar lagningu ljóðsleiðara að Skálanesi.

Sveitarstjóra falið að koma erindinu á framfæri við verkefnastjóra og kanna möguleika á betri kostum vegna tenginga á svæðið. Samþykkt samhljóða.

Mál til kynningar

10. 1805004 - Skipulagsbreytingar innan skrifstofu BsVest.

Erindi frá framkvæmdastjóra Byggðasamlags Vestfjarða um málefni fatlaðs fólks, dagsett 20. apríl 2018.

Lagt fram og kynnt.

11. 1805005 - Uppgjör BsVest vegna ársins 2017.

Erindi frá framkvæmdastjóra Byggðasamlags Vestfjarða um málefni fatlaðs fólks, dagsett 20. apríl 2018.

Lagt fram og kynnt.

12. 1805006 - Umsögn FV um haf og strandsvæði.

Lagt fram til kynningar.

13. 1509009 - Umsögn FV og Vestfjarðarstofu varðandi frumvarp til laga um breytingu á ýmsum lagaákvæðum er tengjast fiskeldi.

Lagt fram til kynningar

14. 1805007 - Afrit af svarbréfi Vík lögmannsstofu fyrir hönd eigenda Grafar við erindi vegagerðarinnar.

Lagt fram til kynningar.

15. 1801005 - Fundargerð 117. fundar Heilbrigðiseftirlits Vestfjarða, ársskýrsla 2017.

Lagt fram.

16. 1801004 - Fundargerðir stjórnar Fjórðungssambands Vestfirðinga 20. og 30. apríl og 2. maí 2018.

Lagt fram.

Önnur mál (ef einhver): Löglega upp borin.

17. Skólaakstur, framlenging á samningum.

VP vikur af fundi undir þessum lið, varaoddviti tekur við fundarstjórn.

Sveitarstjórn samþykkir að framlengja samninga um skólaakstur við Þráinn Hjálmarsson og Vilberg Þráinsson til tveggja ára. Samþykkt samhljóða.

VP kemur aftur inná fund.

Farið yfir fundargerð, fundi slitið kl. 18:00.
